

Nd.

94. Breytingartillaga

við frv. til stjórnarskipunarlaganna um stjórnarskrá lýðveldisins Íslands.

Við 26. gr.

Frá forsætisráðherra.

Annar og þriðji málslíður orðist svo:

Nú synjar forseti lagafrumvarpi staðfestingar, og skal það þá lagt svo fljótt sem kostur er á undir atkvæði allra kosningarbærra manna í landinu til samþykktar eða synjunar með leynilegri atkvæðagreiðslu. Verði frumvarpið samþykkt, öðlast það gildi án staðfestingar. Ef frumvarpið fær ekki samþykki, þá telst það fallið.